

Fundargerð frá Fulltrúaráðsfundi í Gerðubergi 20. september kl.19:30

Mættir voru fulltrúar frá öllum deildum nema: Ensk cocker spanieldeild, Fuglahundadeild, íþróttadeild, Retrieverdeild, Spanieldeild, Tibet spanieldeild og Úrvalsdeild.

Fréttir frá stjórn og skrifstofu HRFÍ

Stjórn hefur fundað 9 sinnum frá síðasta fulltrúaráðsfundi þann 10. apríl sl. Aðalfundur félagsins var haldinn í veislusal reiðhallarinnar í Víðidal 5. maí sl. Um 70 félagsmenn mættu á fundinn og hefur ársskýrsla stjórnar veriði birt í Sámi. Úr stjórn gekk Þorsteinn Kristinsson, sem hafði sagt sig úr stjórn í ágúst 2006. Nýr stjórnarmaður er Björn Ólafsson. Samþykkt var stofnun 2ja deilda þ.e. Papillon- og Mjóhundadeild. Smávægilegar mannbreytingar hafa orðið í nefndum félagsins. Hægt er að nálgast upplýsingar um skipan nefnda á vefsíðu HRFÍ.

Breytingar á starfsreglum ræktunardeilda:

Á stjórnarfundi þann 26. apríl var samþykkt breyting á 2.gr. lið 3:

Hljóðar svo eftir breytingu:

III. Stjórn ræktunardeildar

2. Kosning í stjórn ræktunardeildar fer fram á ársfundi deildarinnar ár hvert. Hver stjórnarmaður er kosinn til tveggja ára í senn. Endurkjör er leyfilegt. Kosningarétt og kjörgengi á ársfundum deilda hafa þeir, sem eru skráðir eigendur hunda í viðkomandi deild, eru skráðir í deildina og skuldlausir við félagið það ár sem ársfundur er haldinn. Hjón hafa kosningarétt og kjörgengi hvort heldur þau greiða félagsgjald sem hjón eða í sitthvoru lagi sé annað þeirra skráð fyrir hundi í deildinni. Á fyrsta fundi eftir ársfund skal stjórn velja sér formann.

Á stjórnarfundi þann 31. maí var samþykkt breyting

Hljóðar svo eftir breytingu:

III. Stjórn ræktunardeildar

7. Við stofnun nýrrar deildar skal tilgreina fimm stjórnarmenn, sem sjá um að boða til ársfundar deildarinnar innan mánaðar frá stofnun hennar. Til fundarins skal boðað með a.m.k. 7 daga fyrirvara í dagblaði, á vefsíðu félagsins og heimasíðu deildarinnar. Á fyrsta ársfundi nýrrar deildar skal kjósa þrjá stjórnarmenn til tveggja ára og tvo til eins árs. Ávallt skal færa fundargerð á aðalfundi sem og á öðrum fundum stjórnar ræktunardeildar. Í fundargerðabók skal koma fram dagsetning funda, helstu mál ofl. Greina skal frá kosningu stjórnarmanna ásamt atkvæðafjölda í fundargerðabók.

Skott- og eyrnastýfingar hunda-Tilmæli frá Vísindaráði

Samkvæmt reglugerð um bann við aðgerðum á hundum og köttum eru hala- og eyrnastýfingar hunda bannaðar hér á landi (526/2001). Eyrnastýfing hunda er afar sársaukafull aðgerð fyrir hundinn og getur það tekið hann langan tíma að gróa sára sinna. Þó slíkar aðgerðir séu bannaðar hér á landi, eru því miður enn til þau lönd sem leyfa slíkar limlestingar. Eitthvað mun vera um að ættbókarfærðir, eyrnastýfðir hundar séu fluttir hingað til lands frá þeim löndum og eru því stundum sýndir á sýningum félagsins eða taka þátt í keppni eða öðrum atburðum á vegum þess.

Vísindaráð er einhuga um að hvetja stjórn Hundaræktarfélags Íslands til þess að það banni alfarið að skott- og eyrnastýfðir hundar séu sýndir á sýningum félagsins og/eða taka þátt í keppni á þess vegum og feti þar í slóð systurfélaga sinna á Norðurlöndunum. Á sama hátt ætti stjórn Hrfí að beina þeirri hvatningu til ritstjóra Sáms að birta hvergi á síðum hans myndir af hala- eða eyrnastýfðum hundum, þó svo að hundurinn þyki afbragð annarra hunda að fegurð!

Formenn ræktunardeilda eruð beðnir að funda um þetta mál og skila álitum til stjórnar HRFÍ fyrir lok október.

Tillaga að fódursamningi – Ljósritum dreift til formanna deilda til yfirlestrar..

Líney B. Ívarsdóttir formaður Schnauzerdeildar hefur þýtt foderváðsáttal SKK – fódursamning.

Formenn deilda eru beðnir að funda um þetta mál og skila inn athugasemdum og álitni til stjórnar HRFÍ fyrir lok október.

Sámur kom út í byrjun september, glæsilegur að vanda í ritstjórn Ingu Bjarkar Gunnarsdóttur.

Vefsíða hefur verið bætt og gerð aðgengilegri. Unnið er að því að útbúa nýtt vefkerfi fyrir HRFÍ þar sem félagsmenn geta skráð á alla viðburði félagsins. Þessar færslur verða síðan skráðar sjálfkrafa í Lukku og fjárhagsbókhald. Stefnt er jafnframt að því að hægt verði að skrá í ættbók og eigendaskipti sem og birtingu ættbóka á netinu. Mun þetta létta vinnu til muna á skrifstofu.

Augnskoðun 19. – 20. október.

Finn Bøserup og Jens Kai Knudsen frá Danmörku augnskoða hunda í Sólheimakoti 19. október frá kl. 17-21 og laugardaginn 20. október frá kl. 9-16. Jafnframt verða dýralæknarnir með fyrirlestur eftir að augnskoðun lýkur á laugardeginum, frá kl. 16 eða 17. Þetta verður nánar auglýst eftir að skráningu í augnskoðun er lokið.

Á fyrirlesturinum verður fjallað um eftirfarandi:

- Korneadystrofi,
- Starblindu (cataract),
- Retinal dysplasi,
- arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA),
- Collie Eye anomal
- Algenga augnsjúkdóma hér á landi.

Dog Studio

Sænski ljósmyndarinn Johan Frick-Meijer kemur til landsins fyrir októbersýninga og býður þessa þjónustu. Jóhann tekur sjálfur niður tímapantanir. Myndataka kostar kr.4.000.- og renna 500.- af því til HRFÍ.

Ræktunarnámskeið

Hans Áke Sperne verður með ræktunarnámskeið í nóvember. Byrjendur / framhald

Verður nánar auglýst. Skrá á skrifstofu

Laugavegsganga og gleði 3. nóvember

Laugardaginn 3. nóvember fer fram hin árlega Laugavegsganga Hundaræktarfélagsins. Um kvöldið verður ball í svipuðum dúr og í fyrra. Allar tillögur um útfærslu göngunnar og gleðinnar eru mjög vel þegnar og skulu senda á hannabk@hrfi.is

Hundaskóli HRFÍ – Valgerður Júlíusdóttir

Námskeið eru í fullum gangi og mikil aðsókn er á hvolpa- og grunnnámskeið. Kennnt er í Hafnarfirði og Keflavík.

11 nemar byrjuðu í leiðbeinendanámi sl. vor en einn hefur dottið út og einn flytur erlendis.

Nemarnir hafa lokið öllu bóklegu námi sem sænsku kennararnir gátu kennt en eiga eftir að ljúka nokkrum þáttum sem íslenskir aðilar sinna. Næstu verkefni nemanna er að ljúka verklegri kennslu á námskeiðum félagsins.

Framkvæmdir á skrifstofu HRFÍ

Skrifstofa er flutt í bráðabirgðahúsnæði í Síðumúla 13, 1. hæð á meðan unnið er að breytingum á húsnæðið okkar. Nýja skrifstofuhúsnæðið á Síðumúla 15, 2. hæð verður 207 m², þar er búið að flota og flísaleggja gólf, slá upp milliveggjum og unnið er í raflögn. Þegar því líkur er loft klárað og

settir verða upp glerveggir þar sem við á.. Skipta þarf um gler í gluggum á framhlið húss..Áætlað er að framkvæmdum ljúki um miðjan október.

Alþjóðleg hundasýning 6.-7. október.

Nýtt skráningarmet er á haustsýninguna þar sem 810 hundar af 81 tegund eru skráðir auk 44 ungra sýnenda. Margar fyrirspurnir hafa borist vegna lifrabólgu og var því sett tilkynning á vefsíðu félagsins. Þar kemur fram að starfsfólk sýningar mun eins og áður gera allt sem í þeirra valdi stendur til að halda hreinlæti á svæðinu og vonast er til að sýnendur geri hið sama. Virkon verður notað á teppin og sóttgreinsigel verður fyrir dómara og starfsmenn í dómhringjum.

Sýningarþjálfun fer fram á vegum hinna ýmsu deilda auk Unglingadeildar. Þær deildir sem koma að vinnu við sýninguna eru Smáhundadeild, Spanieldeild og Terrierdeild auk 2ja fulltrúa frá Unglingadeild.

Innflutningur hunda – einangrunarteymi

Í teyminu eru Björn Ólafsson, María Tómasdóttir, Helga Andrésdóttir, Ingibjörg Þórhallsdóttir. Valgerður Júlíusdóttir, Lilja Dóra Halldórsdóttir, Steinunn Geirsdóttir, Ellen Rut Sigurðardóttir og Sigríður Sólveigardóttir. Teymið hefur fundað tvisvar sinnum og er næsti fundur þriðjudaginn 23. október kl.20:00 á skrifstofu félagsins. Markmið teymisins er að vinna að breytingum í einangrunarmálum á Íslandi. Allir áhugasamir félagsmenn eru velkomnir að starfa í teyminu.

Fyrirlestur um innflutning hunda - einangrunarmál – Pet Passport og lifrabólgu. Þorvaldur Þórðarson og Auður Lilja Arnþórsdóttir dýralæknar mæta frá Landbúnaðarstofnun.

Innflutningur gæludýra

Þorvaldur H. Þórðarson

Dýralæknir inn-og útflutningseftirlits

Þorvaldur sagði frá núverandi kerfi, þar sem ferlið er eftirfarandi:

- Sækja um leyfi til innflutnings
- Tilkynning
- Greiðsla leyfis
- Leyfi veitt
- Undirbúningur innflutnings
- Heilbrigðisvottorð

Því næst var sagt frá Pet Passport sem er nokkurs konar vegabréf fyrir gæludýr þar sem fram koma grunnupplýsingar um hundinn, heilsufarsupplýsingar, bólusetningar og meðferðir.

Þorvaldur fór í gegnum nokkra punkta sem styður nauðsyn einangrunar við að hindra að nýir sjúkdómar í gæludýrum berist til landsins, til dæmis:

- Hundæði (rabies)
- Hundafár (canine distemper)
- Gulusótt (leptospirosis)
- Smitandi fósturlát í hundum (Brucella canis)
- Kattahvítblæði (feline leucaemia)
- Maurakláði (Sarcoptes scabiei, Notoedres cati)
- Flær
- Lýs

Einnig að hindra að sjúkdómar berist með innfluttum dýrum í önnur dýr og menn, til dæmis

- Sullaveikifár (Echinococcus multilocularis)
- Salmonella
- Berklar (tuberculosis)
- Gin- og klaufaveiki (foot- and mouth disease)

- Hringskyrfi (ringworm)

Aðrar ástæður:


- Komi upp sjúkdómar í innfluttum dýrum er möguleiki á að grípa inn í atburðarásina með ýmsum aðgerðum, s.s. meðhöndlun, framlengingu á einangrunartíma o.fl.
- Sýni eru tekin á einangrunartíma sem gefur möguleika á að meðhöndla dýrin áður en þau koma í snertingu við önnur dýr í landinu
- Sjúkdómsástand í útflutningslandi getur skyndilega breyst

Þorvaldur sagði að á næstunni væru engar breytingar væntanlegar varðandi einagrunarmál.

Næst var Auður Lilja með fyrirlestur um smitandi lifrabólgu í hundum.

Fyrst sýndi hún línurit um fjölda lifrabólgu tilfella á árinu sem var fróðlegt að skoða.

Þar kemur í ljós að mest voru lifrabólgu tilfelli greind á heitasta tímanum í sumar eða í júlí sem segir okkur að bólusetning er mikilvæg á vorin. Sjá neðangreint línurit.



Sjúkdómurinn

Þá lýsti Auður sjúkdómnum:

- Einkenni sjúkdómsins eru hiti, slappleiki, lystarleysi, þorsti, hornhimnubólga, rennsli úr augum og nefi, og stundum eymsli í kvið og uppköst.
- Einkennin eru oft óljós og geta átt við marga aðra sjúkdóma en mikilvægt er að hundaeigendur hafi fljótt samband við dýralækni ef hundar þeirra veikjast.
- Dánartíðni er hæst meðal ungra hunda.
- Smit berst með þvagi, saur og slefu. Hundar sem hafa sýkst geta smitað í meira en 6 mánuði eftir bata.

Auður Lilja fór í gegnum þróunina á bóluefnum og ræddi um eftirfarandi þætti:

- 1996-2003:
 - Í notkun bóluefni gegn smáveirusótt og lifrabólgu
- 2003-2007:
 - Ekkert bóluefni gegn lifrabólgu á markaði hérlendis
- 2007:
 - Nefúðabóluefni (Bronchi Shield III®) gegn Bordetella bronchiseptica, parainflúensu og canine adenovirus 2. Ætlað gegn hótelhósta en veitir hugsanlega vörn gegn lifrabólgu.

Erlendis er mælt með að allir hundar séu í það minnsta bólusettir gegn eftirtöldum sjúkdómum:

- Hundæði (rabies)

- Hundafári (canine distemper)
- Smitandi lifrabólgu (infectious canine hepatitis)
- Smáveirusótt (parvo)
- Bóluefni gegn smitandi lifrabólgu er eingöngu til í blöndu með bóluefnum gegn öðrum sjúkdómum m.a. hundafári
- Flest bóluefni gegn hundafári inniheldur slæfðar hundafársveirur (ekki óvirkar) og því er ákveðin hættu á smiti
- Í Bandaríkjunum og Kanada er á markaði bóluefni með raðbrigði af hundafársveiru (recombinant). Engri hættu ætti að stafa af notkun á því. –En það hefur ekki verið skráð á markað í Evrópu.

Fundarmenn voru duglegir að spyrja Þorvald og Auði og fengu greinargóð svör. Auður var spurð hvað hún gæti ráðlagt okkur að gera varðandi breytingar á einangrun hunda. Hún benti á að skrifa landbúnaðarráðherra bréf með okkar tillögum til að fá ráðuneytið til að endurskoða reglur um innflutning. Hún var sammála fundarmönnum að það væri kominn tími til að endurmeta áhættumatið sem gert var fyrir nokkrum árum. Hún sagði einnig að ef það yrði farið út í slíkt mat í dag yrði það gert á annan hátt. Félagsmenn geta nálgast áhættumatið á vef landbúnaðarráðuneytisins undir slóðinni:

http://www.landbunadarraduneyti.is/media/Skyrslur/ahaettumat_gaeludyr.pdf

Rætt var um hvort hægt væri að prófa innflutning á hundum frá ákveðnu landi án einangrunar og taldi Auður það ekki vera útilokað þó að hún gæti engu lofað. Hún sagði að það væri tímabært að endurskoða einangrunarmál og nú væru komin 3 ára síðan tíminn var stytur í einn mánuð. Einnig var rætt um breytingarnar hjá Bretum sem voru með 6 mánaða einangrun og opnuðu fyrir ákveðin lönd. Ef Bretar gátu breytt hvers vegna getum við ekki breytt! Það kom fram að allt er þetta pólitískar ákvarðanir. Rætt var um hversu mikil áhætta fælist í því að fá þessa sjúkdóma hingað til lands, er það einn hundur á 40-60 ára fresti! Mikið var spurt varðandi lifrabólgu og bólusetningar. Allar umræður fóru vel fram og mikil ánægja var með fyrirlesarana.

Fundi slitið um kl.22:00

Valgerður Júlíusdóttir ritaði.